



Framkvæmda- fréttir

9. tbl. /07



Pingvallavegur (36), vegamót við Hringveg (1). Í síðasta blaði var auglýst útboð hringtorgs á þessum vegamótum. Sjá bls. 2.

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla

á Suðursvæði 2007 07-025

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna á Suðursvæði árið 2007.

Helstu magnþölur eru:

Efra burðarlag	10.000 m ³
Malarslitlag	18.000 m ³
Klæðingarefni	10.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. mars 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 **miðvikudaginn** 11. apríl 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing

07-046

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis árið 2007.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlagnir	451.165 m ²
Hjólfaralögn	39.850 m ²
Blettanir	72.000 m ²
Flutningur steinefna	8.445 m ³
Flutningur bindiefna	892 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. mars 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 **miðvikudaginn** 11. apríl 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 15. árg. nr. 463 26. mars 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:


**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

**Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36)

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð hringtorgs á vegamótum Hringvegur (1) og Þingvallavegur (36) í Mosfellsbæ.

Hringtorgið verður tvær akreinar og verður Hringvegur (1) breikkaður í tvær akreinar á stuttum kafla báðum megin við torgið. Þessi framkvæmd mun bæta umferðaröryggi til mikilla muna á hættulegum stað. Hún mun einnig greiða fyrir umferð úr Mosfellsdal þegar umferð er mikil eftir Hringvegi.

Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir í apríl. Engar truflanir á umferð verða leyfðar frá hádegi á föstudögum og sunnudögum frá og með 29. júní. Framkvæmdinni á að vera lokið 26. júlí.

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2007-2008, austurhluti 07-043

Tilboð opnuð 20. mars 2007. Vinnsla steinefna, á austurhluta Norðaustursvæðis, árin 2007-2008.

Helstu magntölur:

Efra burðarlag	14.000 m ³
Malarslitlag	30.000 m ³
Klæðingarefni	28.000 m ³



Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Myllan ehf., Egilsstöðum	89.662.100	109,3	4.792
1	Pverá-golf ehf., Akureyri	84.870.000	103,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	82.050.000	100,0	-2.820

Myllan ehf. skilaði inn frávíkstilboði.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 19. mars 2007. Búið er að sprengja 1.119 m í Siglufirði og 936 m í Ólafsfirði.



Samtals er búið að sprengja 2.055 m sem er 19,4% af heildarlengd.



Hringvegur (1) um Helli, hringtorg

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útböð 1. áfanga á tilfærslu og lagfæringu Hringvegar (1) um Helli. Verkið felst í færslu á Hringvegi frá brú yfir Rangá á um 100 m kafla inn á nýtt hringtorg sunnan við núverandi Hringveg. Áður en vegagerðin hefst skal grafa upp hitaveitu sem liggur í nýju vegstæði á um 375 m kafla og leggja nýja lögn við hlið nýs vegstæðis Hringvegar. Frá hringtorgi skal leggja um 100 m götutengingu inn á Rangárbakka, um 30 m tengingu inn á núverandi Hringveg og um 110 m kafla af nýjum

Hringvegi suðaustur frá hringtorgi og bráðabirgðaveg frá nýjum Hringvegi inn á núverandi veg. Jarðvegsskipta skal 1,2 m undir yfirborð Hringvegar en 0,9 m undir yfirborð Rangárbakka.

Á meðfylgjandi loftmynd má sjá nýtt hringtorg og tengingar við það. Framhald þessarar vegagerðar er einnig teiknuð inn á myndina en fjávetingar til þeirrar framkvæmdar eru á 2. tímabili 12 ára samgönguáætlunar, þ.e. 2011-2014.



Nýtt hringtorg kemur í stað þessara gatnamóta Hringvegjar og Þrúðvangs.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stóðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010	07
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalsheiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	07
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, repave	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	07
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, klæðing	07
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik	07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu, austurhluti	07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu, vesturhluti	07
07-027 Hringvegur (1) um Selfoss breikkun hringtorgs	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottárskriður	07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hrauná	07
06-073 Drangnesvegur (645), Strandavegur - Drangnes	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Steinsstaðir - Svartá	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-025 Efnisvinnsla Suðursvæði 2007	26.03.07 11.04.07
07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing	26.03.07 11.04.07
07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík	19.03.07 03.04.07
07-023 Hringvegur (1) um Hellu	19.03.07 03.04.07
07-058 Bakkavörn við Ása-Eldvatn	19.03.07 03.04.07
07-056 Hringvegur, hringtorg við Þingvallaveg	19.03.07 03.04.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	19.03.07 03.04.07
07-013 Vetrarþjónusta, Borgarnes - Hvalfjarðargöng 2007-2010	12.03.07 27.03.07
07-024 Gaulverjabæjarvegur (33), Félagslundur - Skipar	12.03.07 27.03.07
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-036 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	05.03.07 20.03.07
07-021 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007-2008, norðurhluti	05.03.07 20.03.07
07-043 Efnisvinnsla Norðaustursvæði, 2007, austurhluti	05.03.07 20.03.07
07-044 Sundagöng, borun rannsóknarhola	05.03.07 20.03.07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	19.02.07 20.03.07
07-020 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007 og 2008, vesturhluti	19.02.07 06.03.07
07-007 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	05.02.07 20.02.07
07-003 Biskupstungnabraut (35), brú á Brúará	29.01.07 27.02.07

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-014 Hringvegur (1) ofan Pakeyrar í Hamarsfirði P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	06.03.07	22.03.07
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá Myllan ehf.	27.02.07	22.03.07
07-002 Hringvegur (1), varnargarðar austan Múlavíslar Framrás ehf.	20.02.07	09.03.07
06-005 Hringvegur (1), Haugaá - Vatnsdalsá Myllan ehf.	13.02.07	22.03.07

Niðurstöður útboða

Sundagöng, borun rannsóknarhola 07-044

Tilboð opnuð 20. mars 2007. Borun rannsóknarhola til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum vegna Sundaganga í Reykjavík. Bora skal 11 holur með kjarnabor og 3 holur með loftbor. Borun fer að hluta til fram af pramma á sjó.

Helstu magntölur eru:

Kjarnaborun í berg : 580 m
Loftborun með fóðringu í laust efni: . . . 105 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	39.876.000	171,1	20.692
---	Áætlaður verktakakostnaður	23.300.000	100,0	4.116
1	Alvarr ehf., Reykjavík	19.184.320	82,3	0

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007-2008, norðurhluti 07-021

Tilboð opnuð 20. mars 2007. Yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðvestursvæðis, árin 2007 og 2008.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing:

Árið 2007 500.000 m²
Árið 2008 500.000 m²

Verklök eru 1. september hvort ár.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Klæðning ehf., Kópavogi	86.000.000	108,2	18.325
---	Áætlaður verktakakostnaður	79.500.000	100,0	11.825
4	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	78.600.000	98,9	10.925
3	Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	78.040.890	98,2	10.366
2	Slitlag ehf., Hellu	74.615.000	93,9	6.940
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	67.675.000	85,1	0

Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur – Djúpvegur 06-028

Tilboð opnuð 20. mars 2007. Verkið felst í gerð nýs vegar frá Vestfjarðavegi (60) í Geiradal, um Gautsdal, Tröllatunguheiði og Arnkötuldal að Djúpvegi (61) í Steingrímsfirði. Lengd útboðskaflans er um 24,5 km.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	350.000 m ³
Skering í laus jarðlög	480.000 m ³
Fylling og fláafleygar	780.000 m ³
Neðra burðarlag	120.000 m ³
Efra burðarlag	40.000 m ³
Klæðing	190.000 m ²
Stálplöturæsi	170 m
Ræsalögn	1.600 m
Víravegrið	6.000 m
Frágangur fláa	570.000 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8	Ístak hf., Reykjavík	879.435.092	101,6	217.566
9	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	874.675.903	101,0	212.807
---	Áætlaður verktakakostnaður	865.600.000	100,0	203.731
7	Háfell ehf., Reykjavík	835.735.500	96,5	173.866
6	Íslenskir aðalverktakar, Reykjavík	797.630.868	92,1	135.762
5	Suðurverk hf., Hafnarfirði	777.630.900	89,8	115.762
4	K.N.H. ehf., Ísafirði	697.077.777	80,5	35.208
3	Klæðning ehf., Kópavogi	696.000.000	80,4	34.131
1	Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	661.869.300	76,5	0

Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar 07-036

Tilboð opnuð 20. mars 2007. Gerð átta nýrra varnargarða og lagfæring á einum varnargarði, samtals 1.100 m, við Hringveg (1) þar sem hann liggur meðfram Héraðsvötnum í Skagafirði. Grjót í grjótvörn skal taka af flokkuðum grjót-lager.

Helstu magntölur eru:

Fylling í varnargarða :	16.500 m ³
Grjótvörn :	3.300 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Ístrukkur ehf., Kópaskeri	10.700.000	116,9	1.966
3	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	9.280.000	101,4	546
---	Áætlaður verktakakostnaður	9.155.000	100,0	421
2	Fjörður ehf., Varmahlíð	8.920.000	97,4	186
1	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	8.734.000	95,4	0



Í Hvalfirði hjá Hlaðhamri 1958. Mynd Jón J. Víðis.

Rannsóknarverkefni – banaslys í umferð frá upphafi bílaaldar

Farið er af stað rannsóknarverkefni um banaslys í umferðinni frá upphafi bílaaldar á Íslandi. Óli H. Þórðarson fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarráðs og Örn Þ. Þorvarðarson fyrrverandi umsjónarmaður slysaskráningar hjá Umferðarráði vinna að þessari rannsókn. Þeir munu leita sérfræðiálits ýmissa aðila um tiltekin atriði í úrvinnslu og niðurstöðum verkefnisins þegar þar að kemur. Undirbúningur hófst áður en stofnunin Umferðarráð var lögð niður árið 2002 og var þá m.a. unnið að ýmissi gagnsöfnun. Verkefnið er nú unnið að höfðu samráði við samgönguráðuneytið.

Í verkefninu verða teknar fyrir upplýsingar um fjölda banaslysa í umferð á Íslandi frá því að fyrsta banaslysið varð allt til þess tíma að úrvinnslu lýkur, sem höfundar vænta að geti orðið á næsta ári. Um er að ræða ítarlega samantekt þar sem ekki einungis koma fram tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra sem látist hafa í umferðarslysum heldur margskonar sundurliðanir á þeim og því til viðbótar upplýsingar og almennur fróðleikur sem varðar almennar samgöngur á vegum á 20. öld fram til okkar tíma. Mjög athyglivert verður að upplýsa um hve margir hafa látist í umferðarslysum hér á landi frá upphafi bílaaldar, þar sem líklegast er um að ræða fjölda sem kemur til að koma mörgum á óvart, en nákvæmar tölur þar um eru ekki tiltækar í dag í gögnum Umferðarstofu (áður Umferðarráðs) og lögreglu. Hér verður því um mikinn fróðleik að ræða sem tengist þróun umferðaröryggismála á Íslandi og stefna höfundar að því að niðurstöður rannsóknarinnar muni nýtast á margvíslegan hátt í forvörnum tuttugustu og fyrstu aldar. Hjá Umferðarstofu liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um banaslys í umferðinni þrjá síðustu áratugi 20. aldar, og fyrstu ár þessarar aldar, en sem kunnugt er byggist sú tölfræði á gögnum er Umferðarráð áður aflaði og kom á sínum tíma í tölvutækt form, og Umferðarstofa hefur síðan þróað áfram. Með því að greina þær upplýsingar er hægt að fá fram niðurstöður sem tvímælalaust munu nýtast vel í umferðaröryggisstarfi framtíðarinnar. Einnig er athyglivert að sjá þróunarferil þegar gögn frá svona löngu tímabili eru skoðuð; hvernig banaslysum fækkar í þéttbýli en fjölgar á þjóðvegum landsins og hvernig banaslysum óvarinna vegfarenda fækkar en fjölgar hjá vegfarendum vélknúinna ökutækja. Óhjákvæmilegt er í verkefni

sem þessu að skoða aldursamsetningu þeirra sem látist hafa í umferðarslysum á Íslandi og finna út hvort sjá megi ákveðna þróun út frá aldri látinna og hvort telja megi að á undanförunum áratugum hafi orðið tilhneiging til þróunar sem bregðast má við með forvörnum og e.t.v. með því að skoða tengsl ökuþrófa og banaslysa í umferð.

Niðurröðun efnis er hugsuð þannig að hver áratugur fái sinn kafla en síðan komi í lok hvers kafla og/eða meginmáli kaflanna í tengslum við slysin, hverjar aðstæður voru á þeim tíma er slysið varð. Er þá jafnt átt við ástand vega sem og ástand og lýsingu á ökutæki, þar sem líkar upplýsingar liggja fyrir, auk þeirra aðstæðna sem slysin urðu við. Reynt verður í hverjum kafla fyrir sig að gera grein fyrir þjóðfélagsgerð hvers áratugar þannig að lesandi geti áttað sig vel á því hverjar aðstæður voru á hverjum tíma en til að efnid nái sem best til lesandans verður með tilvitnunum í blaðagreinar og ljósmyndir frá hverjum áratug reynt að sýna þann tíðaranda sem var ríkjandi í þjóðfélaginu þegar slysin áttu sér stað. Til þess að fá glögga yfirsýn yfir staðsetningu slysanna verða þau sett myndrænt á kortagrunn fyrir hvern áratug. Öll þessi gögn ætla höfundar sér að hafa í aðgengilegu tölvutæku formi fyrir alla þá sem vinna að forvörnum í umferðaröryggismálum.

Höfundar hafa óskað eftir samstarfi við Vegagerðina, m.a. við úrvinnslu gagna þegar þar að kemur, þannig að niðurstöður samrýmist tölvugrunnum stofnunarinnar og nýtist þar með starfsmönnum Vegagerðarinnar um ókomin ár. Þeir óska einnig eftir samstarfi við starfsmenn Vegagerðarinnar, víða um land, sem líklega búa yfir verðmætum fróðleik sem nýst gæti við skýrslugerðina. Má í því sambandi nefna gamlar frásagnir, myndir o.fl. sem hugsanlega gætu varpað skýrara ljósi á önnur gögn, sem ekki eru nema e.t.v. í fáum tilvikum fánleg úr lögregluskýrslum frá löngu liðnum árum.

Samstarfs og samráðs verður jafnframt leitað hjá Ríkislögreglustjóranum, Umferðarstofu, Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Hagstofu Íslands, landlækni, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum og e.t.v. fleiri aðilum.

Höfundar hafa greint forstjóra Persónuverndar frá rannsóknarverkefninu.